

sem yfirvinnu, án skerðingar á þegar áunnum álagsgreiðslum samkvæmt 8. gr. samningsins.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 22. mars 1979.

Nr. 4/1978. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hdl.)

Ágreiningur um það hvort dómari í Félagsdómi eigi að víkja sæti. Sératkvæði.

### Úrskurður.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 16. þ.m., er höfðað með stefnu útgefni 4. desember 1978.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að eftirfarandi ríkisstarfsmenn, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess, skuli um kaup og önnur starfskjör fara eftir aðalkjarasamningi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og öðrum þeim kjarasamningum, sem aðildarfélög bandalagsins standa að:

a: Sumarafleysingarfolk.

b: Starfsmenn, sem ráðnir eru hluta úr ári vegna tímabundinna verkefna.

c: Starfsmenn, sem ráðnir eru til starfa án heimilda samkvæmt lögum nr. 97/1974 um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

2. Að varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að máli þessu verði vísað frá dómi. Til vara krefst stefndi þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þrautavarakrafa stefnda er sú að hann verði sýknaður af kröf-

um þeim, sem sóknaraðili gerir undir a- og c-lið 1. t. og 2. t. kröfugerðar sinnar. Í öllum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar að mati dómsins.

Undir rekstri málsins hefur sú krafa komið fram af hálfu stefnda, að dómari Örlýgur Geirsson víki sæti í málinu. Einnig krefst stefndi þóknunar úr hendi stefnanda í þessum þætti málsins að mati dómsins.

Þessi krafa stefnda er studd þeim rökum, að Örlýgur Geirsson fullnægi ekki dómarskilyrðum til að fjalla um það mál, sem hér er til úrlausnar. Því beri honum að víkja sæti. Ástæður þess, að Örlýgur Geirsson fullnægi ekki dómarskilyrðum í þessu máli séu þær, að hann sé stjórnarmaður í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja sem sé stefnandi þessa máls. Sem slíkur beri hann ábyrgð á þeirri ákvörðun stjórnar stefnanda að höfða mál fyrir Félagsdómi og gera þær kröfur fyrir dómi, sem fram hafi komið. Það samræmist ekki meginreglum íslensks dómskaparéttar, að einn og sami maður geti bæði verið aðili máls, sem Örlýgur Geirsson sé sem stjórnarmaður í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, og jafnframt dæmt í sinni eigin sök sem dómari í Félagsdómi. Í 42. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur séu ákvæði um almenn dómarskilyrði í Félagsdómi. Sé þar verulega slakað á almennum dómarskilyrðum samanborið við hina almennu dómstóla. Lögin séu fáorð um hin sérstöku dómarskilyrði. Í 48. gr. laganna segi, að dómara þeir, sem tilnefndir eru af Hæstarétti, víki sæti eftir sömu reglum og gildi um hæstaréttardómara, sbr. nú 6. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt. Félagsdómur úrskurði, hvort dómari skuli víkja sæti. Ekki sé að finna önnur ákvæði um hæfi dómara í þessum lögum né heldur lögum nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Af þessu sé ljóst, að í þessum lögum segi ekkert um hæfi þriggja dómara af fimm til að fjalla um einstök mál fyrir dóminum. Er því haldið fram, að þar sem sérreglur þessara laga þrýtur, beri að beita reglum almennra réttarfarslaga í öllum meginatriðum að því er varðar þann dómara, sem tilnefndur er af félagsmálaráðherra og þá tvo dómara, sem tilnefndir eru af aðilum málsins. Samkvæmt því þurfi þessir dómara að fullnægja sérstökum dómarskilyrðum samkvæmt 36. gr. laga nr. 85/1936 t. l. 1—7. Í þessu sambandi beri einnig að líta til ákvæða 69. gr. laga nr. 80/1938. Tilgangur löggjafans með því að veita aðilum mála fyrir Félagsdómi kost á að tilnefna hvor sinn dómara með

þeim hætti, sem lög nr. 80/1938 og lög nr. 29/1976 gera ráð fyrir, hafi verið sá að tryggja aðilum deilumála fyrir Félagsdómi, að til þátttöku í dómstörfum veldust menn með sérþekkingu á málefnum vinnumarkaðarins. Slík sérþekking sé nauðsynleg og óhjákvæmileg í Félagsdómi. Þessir dómara séu tilnefndir vegna sérþekkingar sinnar og oft reynslu í þeim málum, og þeim sé ætlað að dæma hlutlaust í málum, en ekki að tala máli annars málsaðilans. Málflutningur eigi að fara fram fyrir dóminum, en ekki innan hans. Ekkert bendi til þess að við setningu laganna um Félagsdóm hafi hlutverk þessara dómara átt að vera einhvers konar málflutningur í dóminum. Breyti hér ekki neinu um þótt mönnum hafi verið ljóst, að óumflýjanlegt yrði að slíkir dómara gætu staðið í einhvers konar tengslum við aðila málsins. Það kunní að hafa verið óljóst í hugum manna, hversu langt væri unnt að ganga í því, hver tengsl tilnefnds dómara við aðila máls mættu vera. Þetta geti þó undir engum kringumstæðum haggð þeirri ófrávikjanlegu grundvallarreglu íslenskrar dómaskipunar, að menn dæmi ekki í sinni eigin sök. Fyrir því séu fjölmargar dómsúrlausnir. Er því haldið fram samkvæmt framansögðu, að ákvæði 1. tl. og niðurlag 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 valdi því, að Örlygur Geirsson uppfylli ekki sérstök dómarskilyrði til að fjalla um mál þetta. Sem stjórnarmaður í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja taki Örlygur Geirsson ákvörðun um málshöfðun og ákveðna kröfugerð fyrir Félagsdómi, og sem dómari í Félagsdómi dæmi hann um sína eigin kröfu. Sé ljóst, að þetta geti ekki farið saman. Við þessar aðstæður geti hinn tilnefndi dómari ekki starfað sem dómari í merkingu þess orðs. Hlutverk hans í dóminum verði við slíkar aðstæður einungis það að berjast innan hans fyrir málsstað þeim, sem hann er áður búinn að dæma um sem stjórnarmaður í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, með því að taka þá ákvörðun að reyna að fá kröfunni framgengt fyrir Félagsdómi. Að vísu liggi það ekki fyrir, hver afstaða dómara hafi verið innan stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja til máls þessa, en í rauninni skipti ekki máli, hver sú afstaða hans kunní að hafa verið, breyti það engu um, að eftir að málshöfðun er hafin sé hann aðili málsins sem stjórnarmaður í Bandalagi starfsmanna ríki og bæja. Sem slíkur hafi hann brýna hagsmuni af niðurstöðu máls, sem hann sé aðili að. Til álita geti komið, hvort síðari málsliður 1. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 hefði það í för með

sér, að dómarrinn teldist þrátt fyrir allt ekki vanhæfur í þessu máli. Á þetta sé þó ekki unnt að fallast því hér sé um að ræða undantekningarákvæði, sem eigi ekki við í þessu tilviki.

Af hálfu stefnda er bent á, að dómur Hæstaréttar í 37. bindi bls. 561 gefi mikilsverða visbendingu um það, hvaða sérstöku dómarskilyrðum hinir tilnefndu dómarrar í Félagsdómi verði að fullnægja. Séu þar gerðar mjög ríkar kröfur um sérstök dómarskilyrði dómara, sem tilnefndir eru í samningsbundinn gerðardóm. Sé augljóst, að enn ríkari ástæða sé til að gera sams konar kröfur til hinna tilnefndu dómara í Félagsdómi. Augljósar ástæður valdi því, að ekki verði gerðar minni kröfur til dómarahæfi í Félagsdómi en í öðrum dómstólum landsins. Þótt hægt sé að benda á dæmi þess, að stjórnarmenn í hagsmunasamtökum, sem átt hafi í málarekstri fyrir Félagsdómi, hafi setið þar sem dómarrar, sé á engan hátt hægt að halda því fram, að með því hafi myndast einhver fordæmisregla. Ekki sé ljóst af hverju þetta hafi verið látið viðgangast. Hins vegar hafi dómurinn aldrei fjallað um slíkt álitaefni og af þeirri ástæðu aldrei tekið afstöðu til þess. Sennilega hafa menn ekki gert sér grein fyrir því, hver réttarstaðan var í þessu efni. Hún kunni að hafa verið óljós í augum manna. Eftir að framangreindur dómur Hæstaréttar gekk á árinu 1966 hafi öll tvímæli verið tekin af.

Af hálfu stefnanda er þess krafist í þessum þætti málsins, að hrundið verði kröfu stefnda um að Örlygur Geirsson víki sæti sem dómari í máli þessu. Jafnframt er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað í þessum þætti málsins.

Af hálfu stefnanda kemur fram, að Örlygur Geirsson sé formaður Félags starfsmanna Stjórnarráðsins og sitji í stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Stjórnin sé skipuð 11 mönnum. Samkvæmt 2. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja reki bandalagið mál fyrir Félagsdómi fyrir sjálft sig og fyrir félög innan vébanda sinna svo og starfsmenn, sem hlut eiga að máli. Yfirleitt beri mál, sem bandalagið rekur fyrir Félagsdómi þannig að, að starfsmaður eða starfsmenn snúi sér til starfsmannafélags síns og æski athugunar á ágreiningsatriði. Félagið snúi sér til stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja með ósk um málshöfðun. Áður en bandalagið taki ákvörðun um málshöfðun fari fram athugun á málinu. Umsagnar sé ætíð aflagð, bæði lögfræðilegrar og annars konar, ef þurfa þyki. Málið sé síðan lagt fyrir

stjórn bandalagsins, sem taki endanlega ákvörðun um málshöfðunina. Eftir að Örlygur Geirsson var tilnefndur í Félagsdóm, hafi hann ekki tekið þátt í afgreiðslu mála, sem varða spurningu um það, hvort mál skuli ganga til Félagsdóms eða ekki. Hann hafi að vísu ekki látið bóka að hann hafi setið hjá við slíka ákvörðun, enda hafi hann ekki haft neina ástæðu til þess. Í 42. gr. laga nr. 80/1938 komi fram skilyrði þess, að maður geti orðið dómari í Félagsdómi. Í 48. gr. laganna sé tekið fram, að dómaraþeir, sem Hæstiréttur tilnefnir, skuli víkja sæti eftir sömu reglum sem gilda um hæstaréttardómara, sbr. nú 6. gr. laga nr. 75/1973. Af þessu orðalagi verði ekki dregin önnur ályktun en sú, að hinir dómendurnir þurfi ekki að víkja sæti, þegar fyrir hendi sé eitthvert þeirra atriða, sem um getur í 6. gr. laga nr. 75/1973. Orðalag 48. gr. laga nr. 80/1938 sýni, að löggjafanum hafi verið ljóst að sú staða gæti komið upp, að einhver dómenda yrði í slíkum tengslun við mál, sem rekið væri fyrir dómnum, að ástæða væri að hann viki sæti. Þrátt fyrir þetta hafi löggjafinn ekki séð ástæðu til að krefjast þess, að aðrir dómendur vikju sæti en þeir sem Hæstiréttur skipar. Ef það hefði verið vilji löggjafans, að hinar ströngu reglur 6. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936 giltu um hina dómendurna, hefði löggjafinn örugglega orðað það. En orðalag 48. gr. laga nr. 80/1938 undirstriki vel, að Félagsdómur sé um margt sérstæður dómstóll, næsta ólíkur reglulegum dómstólum ríkisins. Honum sé ætlað að leysa ágreiningsatriði á takmörkuðu sviði, hann eigi að leysa úr ágreiningsatriðum til fullnaðar og minni kröfur séu gerðar til dómenda Félagsdóms en dómenda við hina reglulegu dómstóla ríkisins, bæði um almenn og sérstök dómarskilyrði. Öll skipun Félagsdóms sé með allt öðrum hætti en annarra dómstóla. Um Félagsdóm gildi sérreglur og því verði ákvæðum laga nr. 85/1936 ekki beitt um hann í þeim tilvikum, er lög nr. 80/1938 hafi að geyma reglur um hvernig með skuli fara, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Þau lög geymi reglur um það, hvenær dómari skuli víkja sæti. Því verði ákvæðum 36. gr. laga nr. 85/1936 ekki beitt um dómara Félagsdóms, nema þá sem Hæstiréttur tilnefnir. Sakir þess að ekki séu gerðar jafn strangar kröfur um gæslu hinna sérstöku dómarskilyrða og gildir um dómara við hina almennu dómstóla, hafi tíðkast frá upphafi vega Félagsdóms, að dómaraþeir sem aðilar tilnefna samkvæmt heimildinni í 39. gr. laga nr. 80/1938, hafi verið meira og minna tengdir máls-

aðilum. Það sé og skiljanlegt því hlutverk þessara dómenda sé m.a. að miðla dóminum þekkingu á sviði vinnuréttarins og jafnvel tala máli síns aðila við samdómendur sína. Þetta hlutverk dómenda verði m.a. ráðið af orðalagi 39. gr. laga nr. 80/1938 um skipan dómsins og af umræðum, sem fram fóru á Alþingi, er frumvarp að lögum nr. 80/1938 var þar til meðferðar. Samkvæmt 39. gr. laganna eigi það að vera tryggt, að málsaðili eigi ætíð sinn fulltrúa í dóminum. Ef atvinnurekandi, sem ekki er aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands, eigi mál fyrir dóminum, víki fulltrúi sambandsins og atvinnurekandinn tilnefni mann í hans stað. Þegar Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra séu aðilar að máli fyrir dóminum víki þeir dómenda, sem tilnefndir eru af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands, en í stað þeirra komi dómarar tilnefndir af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra, sbr. 35. gr. laga nr. 29/1976 og 2. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1973. Með þessu fyrirkomulagi eigi að vera tryggt, að til setu í dóminum séu valdir réttir menn til að dómurinn fái nægar upplýsingar á því sviði, sem um er deilt. Komi þetta greinilega fram af umræðum, sem fram fóru á Alþingi um frumvarp til laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Vilji löggjafans um þetta efni sé því ljós. Hafi þessi skilningur einnig verið virtur og framkvæmdur frá því Félagsdómur hóf störf, enda hafi aðilar skipað menn í dóminn, sem þeim voru nátengdir. Þannig hafi komist á traust venja um þetta atriði. Verði þessari reglu ekki breytt nema með breyttri löggjöf.

Í IV. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur eru ákvæði um Félagsdóm. Samkvæmt 39. gr. laganna eiga sæti í dóminum fimm menn skipaðir til þriggja ára þannig: einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, annar af Alþýðusambandi Íslands, þriðji af atvinnumálaráðherra úr hópi þriggja manna, sem Hæstiréttur tilnefnir og tveir skipaðir af Hæstarétti. Ef vinnuveitandi, sem ekki er aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands, er málsaðili, skal dómari sá, sem tilnefndur er af því, víkja sæti, en vinnuveitandanum er veitt heimild til að tilnefna dómara í hans stað. Samkvæmt 48. gr. laganna skulu þeir dómarar, sem tilnefndir eru af Hæstarétti, víkja sæti eftir sömu reglum, sem gilda um hæstaréttardómara, en í 6. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands eru reglur um það efni.

Ekki hafa lög nr. 80/1938 sérstök ákvæði um það, hvenær hinir dómarrar Félagsdóms eigi að víkja sæti. Þykir og ekki felast í ákvæði 69. gr. laganna, að um þetta skuli gilda reglur laga nr. 85/1936 um almenna meðferð einkamála í héraði.

Það er aðalreglan samkvæmt upphafsákvæði fyrri mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938, að sambönd verkalýðsfélaga og vinnuveitenda reki mál fyrir hönd félaga sinna fyrir Félagsdómi. Félög, sem ekki eru aðilar að slíkum félagssamböndum, reka þó sjálf mál sín og meðlima sinna. Samkvæmt niðurlagsákvæði fyrri mgr. 45. gr. og ákvæðum 2. mgr. sömu greinar er ráð fyrir því gert, að einstaklingar geti rekið mál fyrir Félagsdómi. Þegar fjallað er um ágreiningsefni skv. 2. mgr. 44. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 70/1954, víkja sæti þeir dómarrar, sem Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefna, en í stað þeirra tilnefna aðilar, sem um slíkt efni deila, hvor sinn mann í dóminn eftir nánari reglum 2. mgr. 39. gr. laga nr. 80/1938, sbr. lög nr. 70/1954.

Í lögum nr. 29/1976 er mælt fyrir um fyrirvar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja fyrir félagsmenn sína og félagsmenn aðildarfélaga sinna við gerð aðalkjarasamnings við fjármálaráðherra sem fyrirvarsmanna rikissjóðs með þeim réttindum og takmörkunum, sem í lögnum greinir. Samkvæmt 34. gr. laganna er Félagsdómi falið að dæma í málum milli samningsaðila um gildi verkfalls, ágreining um skilning á kjarasamningi, félagsréttindi ríkisstarfsmanna, kjörskrárdeilur og hverjir falli undir ákvæði 29. gr. laga nr. 38/1954. Samkvæmt 2. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1976 rekur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja slík mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín, félaga innan sambanda sinna og starfsmanna, sem hlut eiga að máli. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum laga um stéttarfélag og vinnudeilur um sóknaraðild máls fyrir Félagsdómi. Er Félagsdómur fer með mál samkvæmt 34. gr. laga nr. 29/1976, tilnefna Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra dómara til setu í dóminum í stað þeirra, sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Ekki eru sérstök ákvæði í lögum nr. 29/1976 um dómarahæfi manna, sem þessir aðilar nefna til setu í Félagsdómi. Taka ákvæði laga nr. 80/1938 um það efni því beint til þeirra.

Sams konar ákvæði gilda um meðferð mála, sem Bandalag há-

skólamanna getur rekið fyrir Félagsdómi samkvæmt lögum nr. 46/1973, en bandalagið fékk viðurkennda samningsaðild gagnvart ríkissjóði á grundvelli þeirra laga hinn 25. maí 1973.

Ákvæði laga nr. 80/1938 um skipun dómara til setu í Félagsdómi eru sérákvæði. Það þykir ljóst af því, sem hér hefur verið rakið, að löggjafinn hafi við setningu þeirra laga lagt á það áherzlu, að aðilar, sem rekið geta mál fyrir dómnum, tilnefni mann í dóminn, þó með þeim undantekningum, að ekki virðist ráð fyrir því gert, að stéttarfélag utan Alþýðusambands Íslands og launþegi, sem rekur mál sitt sjálfur, tilnefni mann í dóminn. Samkvæmt gagn-ályktun frá ákvæðum 48. gr. laga nr. 80/1938 taka hin sérstöku dómaraskilyrði þeirra dómara Félagsdóms, sem tilnefndir eru af Hæstarétti, ekki til dómara þeirra, sem tilnefndir eru af Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands eða öðrum aðilum. Þykir af því leiða, að heimilt sé að tilnefna til setu í Félagsdómi menn í stjórn sambanda og félaga, sem geta rekið mál fyrir Félagsdómi að fullnægðum almennum skilyrðum fyrri hluta 42. gr. laga nr. 80/1938. Samkvæmt því verður krafa stefnda um að Örlygur Geirsson, sem situr í stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, víki sæti í máli þessu ekki tekin til greina.

Úrskurð þennan kváðu upp Guðmundur Jónsson, Þorsteinn Thorarensen og Örlygur Geirsson.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð :

Krafa stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, um að Örlygur Geirsson víki sæti sem dómari í máli þessu verður ekki tekin til greina.

Málkostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

#### S é r a t k v æ ð i

#### Guðmundar Vignis Jósefssonar.

Í 48. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir, að dómarar þeir, sem tilnefndir eru af Hæstarétti skuli víkja sæti eftir sömu reglum, sem gilda um hæstaréttardómara. Eðlilegt er að skýra ákvæði þetta svo, að það taki ekki einvörðungu til þeirra tveggja dómara, sem tilnefndir eru beint af Hæstarétti, heldur einnig til þess dómara, sem ráðherra skipar úr hópi þriggja manna,



sem Hæstiréttur tilnefndir, sbr. 39. gr. laga nr. 80/1938. Um skyldu þeirra tveggja dómara, sem tilnefndir eru af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands skv. 38. gr. laga nr. 80/1938 sbr. einnig 35. gr. laga nr. 29/1976 og 2. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1973, til þess að víkja sæti í einstökum málum, er hins vegar ekkert fjallað í 48. gr. laga nr. 80/1938. Sé gert ráð fyrir, að þessum dómurum geti við vissar aðstæður verið skylt að víkja sæti, er ljóst af þessari lagagrein, að um þá skyldu gilda ekki reglur 6. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt. Kemur þá til athugunar, einkum með hliðsjón af 69. gr. laga nr. 80/1938, hvort reglur 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði eigi hér við. Í því sambandi er þess að gæta, að reglur um það hvenær dómari í einkamáli í héraði víkur sæti, eru í engum efnisatriðum frábrugðnar sambærilegum reglum um hæstaréttardómara í 6. gr. laga nr. 75/1973. Verður ekki séð, að löggjafinn hafi gert ráð fyrir því, að unnt væri að knýja þá dómara, sem tilnefndir eru af aðilum vinnumarkaðarins, til þess að víkja sæti í dómnum.

Þegar titið er yfir sögu Félagsdóms allt frá árinu 1939 verður ljóst, að sumir þeir dómara, sem tilnefndir hafa verið til setu í dómnum af aðilum vinnumarkaðarins og dæmt hafa þar mál, hafa ekki uppfyllt þau sérstöku skilyrði, sem sett eru um hæfi dómara í 36. gr. laga nr. 85/1936 og 6. gr. laga nr. 75/1973 og var þetta einkum áberandi á fyrri árum dómsins. Hin síðari ár hefur þróunin hins vegar verið markviss í þá átt, að dómara sem tilnefndir hafa verið á þennan hátt, hafa talið sjálfsagt að fylgja í þessu efni almennum dómskparreglum. Slík afstaða er að sjálfsögðu til þess fallin að efla traust á úrlausnum dómsins, og almenna tiltrú á störfum hans. En regla sú, sem verið hefur að mótast á þessu sviði um undanfarin árabil, hefur hins vegar ekki hlotið neina staðfestingu í löggjöf og hlýtur því persónulegt mat dómara eftir atvikum þeirra samtaka, er tilnefna hann að ráða því, hvort hann víkur í einstöku máli eða ekki.

Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á, að þeim dómurum Félagsdóms sem tilnefndir eru af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands skv. 39. gr. laga nr. 80/1938 svo og þeim dómurum, sem tilnefndir eru skv. 35. gr. laga nr. 29/1976, sbr. einnig 2. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1973, sé óskylt að víkja sæti eftir kröfu málsaðila.

Með þessum athugasemdum er ég samþykkur þeirri niðurstöðu meiri hluta dómsins, að krafa stefnda um að Örlygur Geirsson viki sæti sem dómari í máli þessu verði ekki tekin til greina og að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

### S é r a t k v æ ð i

#### Bjarna Kristins Bjarnasonar.

Félagsdómur er sérdómstóll sem stofnaður var með IV. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Í dóminum eiga sæti 5 menn. Hæstiréttur skipar tvo, atvinnu- málaráðherra einn úr hópi þriggja manna, sem Hæstiréttur tilnefnir, og aðilar vinnumarkaðarins útnefna tvo.

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 29/1976 rekur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja mál fyrir Félagsdómi vegna sjálf sín, féлага innan sambanda sinna og svo starfsmanna, sem hlut eiga að máli. Tilnefna þá Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra dómara til setu í Félagsdómi í stað þeirra, sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja samþykkti á fundi sínum 30. nóvember 1977 að tilnefna Örlyg Geirsson til setu í Félagsdómi af sinni hálfu, en Örlygur var þá og er enn einn af stjórnarmönnum BSRB.

Það er grundvallarregla íslenskra réttarfarslaga, að menn dæmi eigi í sjálf sín sök. Enda þótt Félagsdómur sé sérdómstóll og um hann gildi nokkrar sérreglur umfram hina almennu dómstóla í landinu þá verður að líta svo á, að sú meginregla íslensks dómskaparéttar, að menn dæmi ekki sjálfir mál sín, gildi einnig um Félagsdóm, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 og þau undirstöðurök, sem fram koma í dómi Hæstaréttar 1966 bls. 561, enda verður eigi talið, að önnur ákvæði laga nr. 80/1938 standi þessu í vegi.

Örlygur Geirsson hefur sem stjórnarmaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja aðilastöðu í málum bandalagsins. Er hann því vanhæfur til setu í Félagsdómi í máli því, sem hér er til úrlausnar.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Örlygur Geirsson vikir sæti í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður í þessum þætti málsins.